

AUGLÝSING

um starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prestssetur nr. 950/2009.

„STARFSREGLUR

um breytingu á starfsreglum um prestssetur nr. 950/2009.

1. gr.

5. mgr. 21. gr. orðist svo:

Leiga af greiðslumarki sauðfjár og mjólkur skal nema 20% af beingreiðslum. Þó skal prestur ekki greiða leigu af þeim ærgildum sem áður fyrir fylgdu viðkomandi prestssetrum, enda sýni presturinn fram á þann rétt. Fasteignanefnd skal semja vinnureglur sem kirkjuráð staðfestir um úthlutun á greiðslumarki og meðferð þess.

2. gr.

1. ml. 1. mgr. 23. gr. orðist svo:

Prestur nýtur arðs af hreinum hlunninatekjum prestsseturs, s.s. tekjum af veiði og leigu, sem ekki eru talin krefjast sérstaks vinnuframlags hans allt að kr. 600.000 á ári.

3. gr.

Starfsreglur þessar eru settar með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og öðlast gildi 1. janúar 2011.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 21. og 23. gr. hafa ekki áhrif á gildandi haldsbref.

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 25. nóvember 2010.

Pétur Kr. Hafstein, forseti kirkjuþings.“

F.h. kirkjuráðs, 25. nóvember 2010,

Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs.